1968
2008
40 ára

Gleðileg jól



# - LÖGREGLU -
# MAÐURINN

3. tbl - 2008

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
3. tölublað - 24. árgangur 2008 - 64. blað






Ritstjóri:
Steinar Adolfsson



Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Steinar Adolfsson
framkvæmdastjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri

Prófork:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Ljósmynd: Fyrsta stjórn LL
myndin tekin 1968

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is

www.ll.bsrb.is


## Efnisyfirlit








Forysta í 40 ár ........ 4

Framlengingarsamkomulag ........ 8

Almenna lögreglan ........ 12

Árangursstjórnun ........ 14

Crossfit ........ 18

Sérsveitin ........ 24

Íþróttir ........ 30

# Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Forðist skammstafanir.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# *Formannshornið*



*Fjörutíu ár eru, í sjálfu sér, ekki langur tími. Fjörutíu ár eru ekki langur tími í stéttabaráttu. Fjörutíu ár eru hins vegar nokkuð langur tími í lögreglu. Það má því segja að fjörutíu ár í stéttabaráttu lögreglu sé langur tími ef það er skoðað, á sama tíma, að lögreglan hélt formlega upp á 200 ára afmæli sitt árið 2003.*

*Sögu lögreglu hafa verið gerð nokkuð góð skil í ýmsum ritum s.s. stéttatali lögreglunnar, sem gefið var út fyrir allmörgum árum. Sögu LL eru gerð nokkur skil í þessu blaði og mun verða áframhald á því út afmælisárið auk annarra viðburða til að marka þessi tímamót. Það er ljúft að geta þess hér að á afmælisdaginn úthlutaði Líknar- og hjálparsjóður LL gjöf, að upphæð kr. 709.000,- til Mæðrastyrksnefndar en sú upphæð svarar til 1.000,- fyrir hvern starfandi lögreglumann í landinu. Slík gjöf kemur sér vel í því ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu.*

*Það sem einna helsta athygli vekur, þegar stéttabarátta LL er skoðuð er sú staðreynd að enn, fjörutíu árum eftir stofnun LL, er verið að vinna að sömu grunnmarkmiðuð þ.e. því að fá starfið metið að verðleikum til launa og menntun lögreglumanna sömuleiðis. Það er hreint út sagt óþolandi að enn í dag skuli einstaklingar geta gengið í störf lögreglumanna algerlega án þeirrar menntunar sem krafist er til starfans. Þetta kom ég aðeins inn á í ræðu minni á hátíðarstjórnarfundi LL þann 1. desember s.l. en í henni las ég upp tvær, af þremur, fyrstu þingsályktunartillögum starfskjaranefndar LL. Þeir sem áhuga hafa á að rifja upp þessa sögu geta lesið ræðu mína á vef LL.*

*Í framlengingarsamkomulagi LL við ríkisvaldið, sem gengið var frá í október s.l. er tekið á líkamsþjálfun lögreglumanna, sem hefur verið eitt af helstu baráttumálum stéttarinnar um langa hríð. Í þessu blaði er umfjöllun um svokallað „Crossfit" þjálfunarkerfi. Það er von stjórnar LL að það blað, sem brotið hefur verið í kjarasamningum stéttarinnar, með möguleikum á þrekálagsgreiðslum til lögreglumanna, verði til þess að almennt líkamlegt ástand stéttarinnar eflist til muna enda klárt að órjúfanleg tengsl eru milli lögreglustarfsins og líkamlegs atgervis.*

*Í þeim þrengingum sem nú eru í þjóðfélaginu og fyrirsjáanlegar eru um ótilgeindan tíma er slæmt til þess að hugsa að niðurskurðarhnífum þurfi að beita á þá grunnþjónustu sem lögreglu er ætlað að halda uppi í þjóðfélaginu.*

*Ég legg enn á það áherslu að það þarf að taka um það pólitískar ákvarðanir, hvaða öryggisstig eigi að vera í landinu þ.e. hvaða öryggi þegnar þessa lands eiga rétt á að búa við. Það þarf að taka um það pólitískar ákvarðanir hvert þjónustustig lögreglunnar í landinu á að vera. Það þarf að taka um það pólitískar ákvarðanir hver fjöldi lögreglumanna á að vera í landinu til að halda úti bæði öryggis- og þjónustustigi. Það þarf að taka um það pólitískar ákvarðanir hvernig lögreglan skuli uppbyggð. Það þarf að hafa kjark og þor til að ræða þessa hluti opinskátt og án allra talnaleikja. Það er stjórnvalda þessa lands að sýna það og sanna að þeim markmiðum og áætlunum sem hafa verið sett verði hrint í framkvæmd af myndugleik. Það er stjórnvalda að sýna það í verki að þetta verði ekki bara innantóm orð og markmið án eftirfylgni og nauðsynlegra fjárveitinga til að hrinda þeim í framkvæmd. Það er ekki vænlegt til árangurs að láta reka á reiðanum í þessum efnum og blakta eins og lauf í vindi. Við verðum að horfa til þeirrar staðreyndar að hér er enginn her sem hægt er að grípa til ef um allt þrýtur í öryggi lands og þjóðar.*

*Ég óska LL og lögreglumönnum öllum til hamingju með afmælið. Ég óska lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.*

# *Ritstjórapistill*



*Í síðasta pistli sagði ég að framundan væru kjarasamningsviðræður og spennandi tímar fyrir lögreglumenn. Ekki óraði mig fyrir þá að nokkrum mánuðum síðar yrði staðan í þjóðfélaginu sú sem hún er nú þar sem bankarnir hafa hrunið og í kjölfarið hefur skapast mikil ólga og óvissa meðal þjóðfélagsþegnanna sem ekki sér fyrir endann á. Þetta mun kalla á nýja forgangsröðun í ríkisrekstri og nýja hugsun að mörgu leyti.*

*Við þessar erfiðu aðstæður hefur lögreglan staðið vaktina með mikilli prýði og enn á ný sýnt hve mikilvæg stoð hún er í samfélaginu. Ekki má gleyma því að lögreglumenn líkt og aðrir einstaklingar hafa þurft að glíma við sömu vandamál svo sem hækkaða greiðslubyrði lána, töpuðum viðbótarlífeyrissparnaði o.s.frv. og það er örugglega ekki einfalt að þurfa að halda uppi lögum og reglu gagnvart einstaklingum sem eru að mótmæla þessum sömu aðstæðum. En þannig er starfið og það er aðdáunarvert hve lögreglumenn hafa staðið sig vel í þessu óveðri.*

*Á Alþingi er nú unnið hörðum höndum að fjárlagagerð næsta árs. Fyrirsjáanlegur er niðurskurður í opinberum rekstri og ráðuneytunum hefur verið gert að setja fram tillögur um 10 % samdrátt miðað við fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp sem var lagt fram 1. október sl. Það er von mín að stjórnvöld muni standa vörð um lögregluna. Forgangsröðun er lykilorð - það er augljóst að verkefnum mun fjölga og álag aukast hjá lögreglu og því má alls ekki skerða framlögin til hennar. Í því sambandi er gott að minnast þess að lögreglan gekk í gegnum gríðarlegar skipulagsbreytingar nýverið og án nokkurs viðbótarfjármagns þar sem hagræðingarkrafan var alls ráðandi og lítið tillit tekið til kostnaðarþátta sem eru óhjákvæmilegir fylgifiskar slíks verkefnis. Að mínu mati hefur lögreglan því þegar tekið sinn skerf af þeirri skerðingu sem nú er fyrirhugað að beita víðast í stjórnkerfinu og lengra verður ekki gengið án þess að það bitni verulega á lögbundnum verkefnum lögreglunnar. Tryggja þarf að lögreglan geti mannað allar lausar stöðu fagmenntum mönnum – það er eina leiðin til að tryggja landsmönnum þá þjónustu sem þeir eiga rétt til lögum samkvæmt.*

*Ég óska lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*




*Stjórn Líknar- og hjálparsjóðs afhenti Mæðrastyrktsnefnd gjöf þann 1. desember sl. að fjárhæð kr. 709.000 eða sem nemur kr. 1.000 á hvern lögreglumann í landinu.*

# Forysta í 40 ár

**Þó að saga lögreglunnar spanni yfir 200 ár þróaðist stéttvísi seint með okkur og það á reyndar við um fleiri starfsgreinar í íslensku samfélagi. Er það eflaust hluti sögu okkar enda fagna Íslendingar 90 ára fullveldisafmæli þennan sama dag, þótt við yrðum ekki sjálfstæð þjóð fyrr en 17. júní 1944. Heimildir herma að svo hafi verið fyrir mælt að lögreglumenn ættu að fá þóknun við hæfi fyrir störf sín að mati þar til bærra aðila.**

*Afmæliskræsingarnar gerðar klárar til verkunar af hálfu formanns og starfsfólks LL!*



Á þriðja áratug síðustu aldar voru uppi áform lögreglumanna í Reykjavík um stofnun stéttarfélags en stofnun Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 17. janúar 1926 frestaði framkvæmdinni og lögreglumenn gengu í starfsmannafélagið enda lögreglumenn þess tíma starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga. Hugmyndinni var þó haldið til haga og á vaktaskiptum klukkan 6 að morgni 16. desember 1936 var Lögreglufélag Reykjavíkur stofnað, fyrst íslenskra lögreglufélaga. Engu að síður höfðu lögreglumenn skipst á skoðunum um möguleika á stofnun landssamtaka en fyrstu skráðar heimildir er að finna í bréfi Stefáns Árnasonar, yfirlögregluþjóns í Vestmannaeyjum, til Lögreglufélags Reykjavíkur, þar sem hann hvetur til stofnunar lögreglufélags fyrir landið allt. Í bréfinu nefndi hann m.a. að slíkt félag ætti að hafa að markmiði; launakjör, þjónustubúning, starfstíma, tryggingamál og menntun. Í bréfinu kemur fram að umræða sé komin í gang um að lögreglan verði gerð að ríkislögreglu. Bréfið vakti mikla athygli og var rætt á fundum Lögreglufélags Reykjavíkur en sennilega hefur hugmyndinni ekki verið fylgt nægilega eftir þannig að framvinda dróst á langinn. Lögreglufélag Reykjavíkur var svo eitt stofnfélaga BSRB, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 14. febrúar 1942.

Þróunin heldur áfram og 1949 stofna lögreglumenn á Suðurnesjum stéttarfélag, Lögreglufélag Suðurnesja. Félagið gekk í raðir BSRB og þessi tvö lögreglufélög voru á þeim tíma fullburða stéttarfélög, með samningsrétt við launagreiðendur. Árið 1955 var svo Lögreglumannafélag Hafnarfjarðar stofnað, síðar Lögreglufélag Hafnarfjarðar. Skriður kemst svo á stofnun landssamtaka árið 1966, í kjölfar greinar sem Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn ritaði í Morgunblaðið í júnímánuði, þar sem hann bendir á að öll rök hnígi í þá átt að stofnað verði Lögreglusamband Íslands. Í greininni nefnir hann einnig þau markmið sem sambandið ætti að vinna að sem voru helst; að koma öllum starfandi lögreglumönnum undir eina faglega stjórn, að stofna lögreglufélög þar sem lögreglumenn hafi ekki myndað fagleg samtök og verði að fela öðrum félagasamtökum að fara með kjaramál sín, að aðstoða sambandsfélög við samninga um ýmis hagsmuna- og menningarmál, að hafa forystu í samningum um kjaramál, réttindi og skyldur eftir því sem þörf krefði, að kynna sér starfsaðferðir lögreglu í öðrum löndum og kynna sér árangur sem þar hafi náðst í hagsmuna- og menningarmálum lögreglumanna, að gefa út sameiginlegt málgagn til að auka skilning fólks á nauðsyn góðs samstarfs við lögreglu svo sem bestum árangri verði náð við löggæslu.

Erlingur lést síðar það sama ár og sá því ekki markmiðin rætast. Það kom í hlut annarra að halda merki hans á lofti og í apríl 1967 flutti Jónas Jónasson tillögu á fundi Lögreglufélags Reykjavíkur um að kjörin yrði nefnd til að kanna grundvöll fyrir stofnun Landssambands lögreglumanna. Í nefndina voru kosnir auk Jónasar, þeir Ívar Hannesson og Gísli Guðmundsson. Nefndin fundaði með fulltrúum lögreglumanna í nágrenni Reykjavíkur og mættu til fundarins Björn H. Björnsson frá Akranesi, Björn Pálsson frá Keflavíkurflugvelli, Garðar Sigfússon frá Kópavogi, Steingrímur Atlason frá Hafnarfirði, Sigtryggur Árnason frá Keflavík og Tómas Jónsson frá Selfossi. Kom berlega í ljós að mikill áhugi var fyrir stofnun heildarsamtaka og niðurstaðan að fela Lögreglufélagi Reykjavíkur að beita sér fyrir stofnun landssambands fyrir lögreglumenn. Frá þeim tíma var forystan ótvírætt í höndum Jónasar Jónassonar.

Á aðalfundi Lögreglufélags Reykjavíkur í febrúar 1968 var samþykkt að hrinda máli þessu í framkvæmd og aftur var fundað með lögreglumönnum úr nágrannasveitarfélögum og undirbúningsnefnd sett á laggirnar í septembermánuði. Hana skipuðu auk Jónasar þeir Kristján Sigurðsson Reykjavík og Ingólfur Ingvarsson Kópavogi. Jafnframt var ákveðið að unnið yrði að stofnun lögreglufélaga víðs vegar um landið, helst í hverju kjördæmi fyrir sig. Í október og nóvember voru síðan stofnuð Lögreglufélag Norðurlands, Lögreglufélag Vestmannaeyja, Lögreglufélag Keflavíkur, Lögreglufélag Kópavogs og Lögreglufélag Suðurlands. Á fullveldisdaginn 1. desember var svo blásið til stofnfundar að viðstöddum 18 fulltrúum 9 lögreglufélaga en auk framantalinna var rétt óstofnað Lögreglufélag Vesturlands. Á Austurlandi og Vestfjörðum var ekki búið að stofna lögreglufélög en fréttir bárust á stofnfundinn af miklum áhuga lögreglumanna á þessum svæðum fyrir að gerast aðilar. Jónas Jónasson var kjörinn fyrsti formaður Landssambands lögreglumanna og aðrir í stjórn Bogi Jóhann Bjarnason, Kristján Sigurðsson og Ólafur Guðmundsson. Varastjórn skipuðu þeir Gísli Guðmundsson, Tómas Jónsson og Axel Kvaran. Frá upphafi hafa 9 einstaklingar gegnt formennsku Landssambands lögreglumanna, þeir eru; Jónas Jónasson 1968-1982, Hrafn Marinósson 1982-1984, Tómas Jónsson 1984-1986, Einar Bjarnason 1986-1988, Þorgrímur Guðmundsson 1988-1992, Jónas Magnússon 1992-2002, Óskar Bjartmarz 2002-2005, Sveinn Ingiberg Magnússon 2005-2008 og Snorri Magnússon frá 2008.

Eðli máls samkvæmt voru kjaramál aðalverkefni nýstofnaðra samtaka. Þau voru ekki einföld þá frekar en nú á dögum. Í upphafi voru lögreglumenn starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga auk lítils hóps rík-




***Formenn LL í alls 22 ár saman á mynd!***



***Gissur Guðmundsson hefur án efa sagt eitthvað sem kætt hefur mannskapinn!***


ARCTIC WEAR
VINNA • ÖRYGGI • ÚTIVIST

ÁHALDALEIGA SUÐURNESJA
GRÓFINNI 13a Sími: 421 4161

Vélaleiga AÞ ehf.
VERKTAKAR

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður



*Steinar, Loftur og Bonnie ræða málin.*



*Þorgrímur Guðmundsson og Tómas Jónsson, fyrrverandi formenn LL fara yfir stöðu málu með reynsluboltunum, Heiðari Bjarndal og Þorgrími Óla.*

isstarfsmanna. Skriður komst á þessi mál 1972 þegar Alþingi ákvað að færa lögregluna frá sveitarfélögum til ríkis og samþykkt voru lög um lögreglumenn. Samningsrétturinn var þá á hendi BSRB sem gerði aðalkjarasamning eins og hann var þá kallaður en einstök stéttarfélög gerðu í kjölfar hans sérkjarasamning, hvert fyrir sína umbjóðendur. Samningsréttarlög breyttust síðan 1986 og færðist samningsrétturinn þá í hendur hvers stéttarfélags fyrir sig. Aðildarfélög BSRB hafa engu að síður átt víðtækt samstarf við gerð kjarasamninga og bandalaginu oft falið að annast samninga um ýmis sameiginleg réttindamál þótt í framhaldinu hafi oft orðið breytingar á lokafrágangi í ljósi mismunandi hagsmuna ólíkra hópa. Það lá í loftinu 1986 að Alþingi hygðist leggja bann við verkföllum lögreglumanna. Verkfallsréttinum hafði þó ekki verið hægt að beita sem slíkum en athygli hafði vakið, ekki síst erlendis, virk þátttaka lögreglumanna í verkfallsaðgerðum BSRB. Forystan á þeim tíma kaus að ræða leiðir sem komið gætu í stað verkfallsréttar og var fundin sú lending að sérstakur viðmiðunarsamningur var felldur inn í kjarasamning þar sem Hagstofan átti að meta út frá ákveðnum forsendum hvort lögreglumenn hefðu haldið kjaralegri stöðu sinni miðað við valda hópa og yrði niðurstaðan neikvæð skyldi þeim bættur mismunurinn frá þeim tíma sem hans varð vart. Í fyrstu voru vanefndir af hálfu viðsemjandans, útreikningar fóru ekki fram og seint og um síðir voru þeir gerðir en ekki virtust aðilar þá á einu máli um forsendur útreikninga. Árið 1992 var ákveðið að leggjast í rannsókn á tilurð samningsins og þeirra forsendna sem honum var ætlað að uppfylla. Var þá skipaður sérstakur vinnuhópur sem hafði það verkefni að fara yfir stöðu mála frá upphafi og að tillögu fjármálaráðuneytisins var Þóri Einarssyni, prófessor við Háskóla Íslands og síðar Ríkissáttasemjara, falið að veita starfshópnum formennsku. Aðrir í hópnum voru Jónas Magnússon og Kristján Kristjánsson frá LL og Indriði Þorláksson og Benedikt Jóhannesson frá fjármálaráðuneyti. Undir dyggri forystu Þóris komst hópurinn loks að niðurstöðu og hækkuðu grunnlaun nokkuð, afturvirkt til þess tíma sem mismunur var talinn rakinn til. Þetta fyrirkomulag átti um nokkurra ára tímabil eftir að virka og skilaði stéttinni nokkrum kjarabótum á komandi árum. Það var hins vegar ljóst að samningurinn var þyrnir í augum viðsemjandans og var hann í byrjun þessarar aldar felldur brott úr kjarasamningi, þó að segja megi að hann hafi verið keyptur fyrir nokkrar bætur. Leifar hans eru þó enn til staðar og heimilt að efna til rannsókna á kjörum lögreglumanna og annarra, og leiði niðurstaðan í ljós að hallað hafi á lögreglumenn, skal það notað til viðmiðunar í komandi kjaraviðræðum aðila. Ekki hefur enn reynt á þetta fyrirkomulag. Í öllu falli má þó segja að við stofnun sambandsins voru grunnlaun íslenskra lögreglumanna um helmingi lægri en lögreglumanna á Norðurlöndum en það hefur breyst verulega og í dag eru grunnlaun á líku róli.

Þegar íslenskir lögreglumenn fóru að kynnast í auknum mæli starfsháttum og kjörum lögreglumanna í nágrannalöndum kom ýmislegt í ljós sem var lakara hjá félagsmönnum LL en aðrir áttu að venjast. Hvergi þekktist að lögreglumenn ynnu um eða yfir 100 klst. í yfirvinnu á mánuði og hvergi þekktist að lögreglumenn ynnu til 70 ára aldurs. Var lækkun starfslokaaldurs því eitt af helstu baráttumálum LL frá stofnun þess. Á löngum tíma voru skipaðir starfshópar LL og ráðuneyta til að leita leiða til breytinga. Undir lok síðustu aldar komst þó skriður á þessi mál og þáverandi fjármálaráðherra, Geir Haarde, lýsti vilja sínum f.h. ríkisstjórnar til að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, svo hægt yrði að tryggja lögreglumönnum full eftirlaun við 65 ára aldur. Þáverandi dómsmálaráðherra, Sólveig Pétursdóttir, studdi framgang þessa máls heils hugar og lýsti einnig vilja sínum f.h. ríkisstjórnar til að leggja fram frumvarp til breytinga á lögreglulögum þar sem lögreglumönnum yrði gert að láta af störfum við 65 ára aldursmark. Aðlögun var gefin fyrstu árin gagnvart þeim sem næst þessum tímamótum stóðu í lífaldri. Þar með komumst við skrefi nær starfsfélögum í nágrannalöndum þótt meira þurfi til svo við séum jafnfætis.

Árið 1978 gerðist Landssamband lögreglumanna aðili að Norræna lögreglusambandinu, (Nordiska polisförbundet NPF) sem var stofnað 1921. Við inngönguna gerðumst við samtímis aðilar að Alþjóðasambandi lögreglumanna (Union Internationale des Syndicats de Police, UISP). Alþjóðasambandið starfaði í reynd aðeins innan Evrópu og í kjölfar klofnings var ákveðið að endurreisa það á stofni hins eldra undir nýju nafni, European confederation of police, EuroCOP árið 2002. Aðild okkar að báðum þessum samtökum hefur í tímans rás víkkað sjóndeildarhring

forystumanna í tíma og rúmi og verið mótandi í stefnumörkun okkar frá einum tíma til annars. Tveir íslenskir lögreglumenn hafa gegnt formennsku í NPF, þeir Þorgrímur Guðmundsson 1988-1990 og Jónas Magnússon 1998-2000. Þá liggur fyrir að Snorri Magnússon á að taka við formennskunni á næsta ári og leiða starfið til tveggja ára eða til ársins 2011. Jónas var einnig skoðunarmaður ársreikninga UISP um árabil, f.h. NPF.

Landssamband lögreglumanna hefur átt sérlegu starfsmannaláni að fagna í áranna rás. Forfeður okkar áttu við þrengsli að stríða og sátu meira og minna með bókhaldið á hnjánum fyrsta áratuginn. Þann 13. desember 1976 fjárfesti Landssambandið í eigin húsnæði að Rauðarárstíg 16, síðar Grettisgötu 89, í samvinnu við BSRB, Landssamband framhaldsskólakennara, Samband íslenskra barnakennara, Póstmannafélag Íslands, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélag ríkisstofnana. Kaupverð hússins, sem þá var í byggingu, var 90 milljónir og hlutur LL 5%. Þar hafa höfuðstöðvar sambandsins verið frá þeim tíma. Fyrsti fundur stjórnar LL var haldinn í nýju húsnæði 27. apríl 1978 eða fyrir rúmum 30 árum. Í febrúar 1979 var Jóhanna Thors ráðin til starfa á skrifstofu LL í hlutastarf. Var vinnutími hennar tvo hálfa daga í viku og ákveðið að afgreiðslutími skrifstofu væri frá kl. 13 – 15 en tíminn frá kl. 15 – 17 yrði notaður til bréfaskrifta og útréttinga. Jóhanna starfaði hjá LL til júnímánaðar 1986 þegar Sjöfn Óskarsdóttir var ráðin í hennar stað sem framkvæmdastjóri. Álagið jókst ár frá ári og í október 1990 var aukið við starfsemina og Stefanía Vigfúsdóttir ráðin til starfa sem skrifstofustjóri en hún hafði reynslu af stéttarfélagsstörfum frá fyrri vinnustað sem var Starfsmannafélag ríkisstofnana. Skiptu þær stöllur um tíma með sér 50% starfshlutfalli en þegar Sjöfn sagði starfi sínu lausu í október 1998 var gengið til samninga við Stefaníu um fullt starf sem hún gegnir enn. Í kjölfar uppsagnar Sjafnar sótti Jónas Magnússon þáverandi formaður um heimild til að gegna 50% starfi við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, sennilega fyrstur karla í þessu starfi til að sækja um slíkt. Var fallist á umsókn hans og var hann í framhaldi af því í 50% starfi á skrifstofu LL frá febrúarmánuði 1999 þar til hann hætti sem formaður í apríl 2002. Breyttar áherslur nýrrar forystu leiddu til þess að ráðinn var löglærður framkvæmdastjóri, fyrst Grétar Jónasson, núverandi framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, og gegndi hann starfinu til júlímánaðar 2004. Í febrúar 2005 var Páll Winkel, núverandi fangelsismálastjóri, ráðinn í hans stað og gegndi hann starfinu til loka janúar 2007 er núverandi framkvæmdastjóri, Seinar Adolfsson, var ráðinn til starfans. Með hliðsjón af 40 ára starfsemi sambandsins verður ekki annað ráðið en starfsmannalán hafi fylgt okkur, við haft góða starfsmenn og verið góðir vinnuveitendur, nema hvort tveggja sé. Allir þessir starfsmenn eiga skilið bestu þakkir okkar fyrir vel unnin störf í áranna rás.

Kæru vinnufélagar nær og fjær, innilegar hamingjuóskir á tímamótum og megi forysta okkar í nútíð og framtíð njóta blessunar og árangurs í störfum sínum, í okkar þágu.

***Jónas Magnússon***

# *Úr myndasafni Landssambands lögreglumanna*














# Framlengingarsamkomulag LL og fjármálaráðherra

Fjármálaráðuneytið

**Þann 22. október sl. var undirritað samkomulag milli samningsaðila um framlengingu kjarasamnings LL og er gildistíminn frá 1. nóvember til 31. maí 2009. Ákveðið var að hafa kosninguna rafræna í fyrsta skipti í sögu LL og var það í samræmi við breytingu á lögum LL frá síðastliðnu sumri þar sem slíkt var heimilað.**

Á kjörskrá voru 709 einstaklingar og neyttu 513 atkvæðaréttar síns. Þátttaka í atkvæðagreiðslunni var því 72,4%.

Já sögðu 440 eða 85,8%

Nei sögðu 60 eða 11,7 %

Auðir seðlar voru 13 eða 2,5 %

Helstu atriði samkomulagsins eru:

Gildistími er frá 1. nóvember 2008 til 31. maí 2009 eða í sjö mánuði.

Allar launatölur hvort heldur í þrepum eða flokkum hækka um 20.300,- krónur.

Desemberuppbót á árinu 2008 hækkar í 47.500,- kr. úr 45.000,- kr.

Eingreiðsla að fjárhæð kr. 45.000,- þann 1. desember vegna tímabilsins 1. nóv. 2008 til loka jan. 2009.

Rétt til greiðslu þrekálags að fjárhæð kr. 18.000,- (m.v. 100% árangur) eða kr. 9.000,- (m.v. 80% árangur) frá 1. febrúar 2009 standist menn þrekpróf skv. nánari útfærslu.

Leyfi til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barns/barna, yngri en 13 ára, lengist úr 10 vinnudögum í 12.

Áunninn þjónustualdur hjá stofnunum sem reknar eru að meirihluta af almannafé skal án tillits til stéttarfélags viðurkenndur við mat á áunnum veikindarétti.

Framlag atvinnurekenda til fjölskyldu- og styrktarsjóðs hækkar frá áramótum 2008 / 2009 úr 0,55% í 0,75%.

Auk þessa fylgdu samningnum bókanir og fyrirheit/vegvísir um samstarf og athuganir á ýmsum sviðum er varða menntun, símenntun, réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Rétt til álagsgreiðslu skv. ákvæði 1.3. í kjarasamningi að fjárhæð kr. 15.000,- (kemur ekki fram í samkomulaginu sjálfu).



**Samkomulagið í heild sinni og ný launatafla er eftirfarandi:**

## Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Landssamband lögreglumanna hins vegar gera með sér svofellt

# SAMKOMULAG

## um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

**1. grein**

Gildistími

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. nóvember 2008 til 31. maí 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. grein**

Laun

Launatafla samkvæmt grein 1.1 hækkar sem hér segir:

Frá 1. nóvember 2008 hækka allar tölur mánaðarlauna dagvinnu um kr. 20.300.

Grein 1.2.2 heldur gildi sínu að öðru leyti en því að hlutfallstölur raskast á samningstímabilinu.

**3. grein**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2008 kr. 47.500.

**4. grein**

Grein 12.2.5 um mat á ávinnslurétti veikindaréttar verður sem hér segir:

Við mat á ávinnslurétti starfsmanns skv. gr. 12.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé.

Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.

**5. grein**

Grein 12.8.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

**6. grein**

Samningur þessi gildir frá 1. nóvember 2008 til 31. maí 2009 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan þriggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann, 10. nóvember 2008 skoðast hann samþykktur.

**Reykjavík, 22. október 2008**

**F.h. samninganefndar ríkisins með fyrirvara um samþykki fjármálaráðherra**

**F.h. Landssambands lögreglumanna með fyrirvara um samþykki félagsmanna**

## Landssamband lögreglumanna

| Eldri tafla | 1 | 1.025 | 1.05 | 1.075 | 1.1 | 1.125 | 1.15 | 1.175 | 1.2 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Lfl** | **0** | **1** | **2** | **3** | **4** | **5** | **6** | **7** | **8** |
| 01 | 138,513 | 141,976 | 145,439 | 148,901 | 152,364 | 155,827 | 159,290 | 162,753 | 166,216 |
| 02 | 145,439 | 149,075 | 152,711 | 156,347 | 159,983 | 163,619 | 167,255 | 170,891 | 174,527 |
| 03 | 152,711 | 156,529 | 160,347 | 164,164 | 167,982 | 171,800 | 175,618 | 179,435 | 183,253 |
| 04 | 160,347 | 164,356 | 168,364 | 172,373 | 176,382 | 180,390 | 184,399 | 188,408 | 192,416 |
| 05 | 168,364 | 172,573 | 176,782 | 180,991 | 185,200 | 189,410 | 193,619 | 197,828 | 202,037 |
| 06 | 176,782 | 181,202 | 185,621 | 190,041 | 194,460 | 198,880 | 203,299 | 207,719 | 212,138 |
| 07 | 185,621 | 190,262 | 194,902 | 199,543 | 204,183 | 208,824 | 213,464 | 218,105 | 222,745 |
| 08 | 194,902 | 199,775 | 204,647 | 209,520 | 214,392 | 219,265 | 224,137 | 229,010 | 233,882 |
| 09 | 204,647 | 209,763 | 214,879 | 219,996 | 225,112 | 230,228 | 235,344 | 240,460 | 245,576 |
| 10 | 214,879 | 220,251 | 225,623 | 230,995 | 236,367 | 241,739 | 247,111 | 252,483 | 257,855 |
| 11 | 225,623 | 231,264 | 236,904 | 242,545 | 248,185 | 253,826 | 259,466 | 265,107 | 270,748 |
| 12 | 236,904 | 242,827 | 248,749 | 254,672 | 260,594 | 266,517 | 272,440 | 278,362 | 284,285 |
| 13 | 248,749 | 254,968 | 261,186 | 267,405 | 273,624 | 279,843 | 286,061 | 292,280 | 298,499 |
| 14 | 261,186 | 267,716 | 274,245 | 280,775 | 287,305 | 293,834 | 300,364 | 306,894 | 313,423 |
| 15 | 274,245 | 281,101 | 287,957 | 294,813 | 301,670 | 308,526 | 315,382 | 322,238 | 329,094 |
| 16 | 287,957 | 295,156 | 302,355 | 309,554 | 316,753 | 323,952 | 331,151 | 338,349 | 345,548 |
| 17 | 302,355 | 309,914 | 317,473 | 325,032 | 332,591 | 340,149 | 347,708 | 355,267 | 362,826 |
| 18 | 317,473 | 325,410 | 333,347 | 341,283 | 349,220 | 357,157 | 365,094 | 373,031 | 380,968 |
| 19 | 333,347 | 341,681 | 350,014 | 358,348 | 366,682 | 375,015 | 383,349 | 391,683 | 400,016 |
| 20 | 350,014 | 358,764 | 367,515 | 376,265 | 385,015 | 393,766 | 402,516 | 411,266 | 420,017 |
| 21 | 367,515 | 376,703 | 385,891 | 395,079 | 404,267 | 413,454 | 422,642 | 431,830 | 441,018 |
| 22 | 385,891 | 395,538 | 405,186 | 414,833 | 424,480 | 434,127 | 443,775 | 453,422 | 463,069 |
| 23 | 405,186 | 415,316 | 425,445 | 435,575 | 445,705 | 455,834 | 465,964 | 476,094 | 486,223 |
| 24 | 425,445 | 436,081 | 446,717 | 457,353 | 467,990 | 478,626 | 489,262 | 499,898 | 510,534 |
| 25 | 446,717 | 457,885 | 469,053 | 480,221 | 491,389 | 502,557 | 513,725 | 524,892 | 536,060 |
| 26 | 469,053 | 480,779 | 492,506 | 504,232 | 515,958 | 527,685 | 539,411 | 551,137 | 562,864 |
| 27 | 492,506 | 504,819 | 517,131 | 529,444 | 541,757 | 554,069 | 566,382 | 578,695 | 591,007 |
| 28 | 517,131 | 530,059 | 542,988 | 555,916 | 568,844 | 581,772 | 594,701 | 607,629 | 620,557 |
| 29 | 542,988 | 556,563 | 570,137 | 583,712 | 597,287 | 610,862 | 624,436 | **638,011** | 651,586 |
| 30 | 570,137 | 584,390 | 598,644 | 612,897 | **627,151** | 641,404 | 655,658 | 669,911 | 684,164 |

Líkleg röðun miðað við síðari launatöflu

Launatafla LL sem gildir frá 1. nóvember 2008

| 20,300 | 1 | 1.025 | 1.05 | 1.075 | 1.1 | 1.125 | 1.15 | 1.175 | 1.2 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Lfl** | **0** | **1** | **2** | **3** | **4** | **5** | **6** | **7** | **8** |
| 01 | 158,813 | 162,276 | 165,739 | 169,201 | 172,664 | 176,127 | 179,590 | 183,053 | 186,516 |
| 02 | 165,739 | 169,375 | 173,011 | 176,647 | 180,283 | 183,919 | 187,555 | 191,191 | 194,827 |
| 03 | 173,011 | 176,829 | 180,647 | 184,464 | 188,282 | 192,100 | 195,918 | 199,735 | 203,553 |
| 04 | 180,647 | 184,656 | 188,664 | 192,673 | 196,682 | 200,690 | 204,699 | 208,708 | 212,716 |
| 05 | 188,664 | 192,873 | 197,082 | 201,291 | 205,500 | 209,710 | 213,919 | 218,128 | 222,337 |
| 06 | 197,082 | 201,502 | 205,921 | 210,341 | 214,760 | 219,180 | 223,599 | 228,019 | 232,438 |
| 07 | 205,921 | 210,562 | 215,202 | 219,843 | 224,483 | 229,124 | 233,764 | 238,405 | 243,045 |
| 08 | 215,202 | 220,075 | 224,947 | 229,820 | 234,692 | 239,565 | 244,437 | 249,310 | 254,182 |
| 09 | 224,947 | 230,063 | 235,179 | 240,296 | 245,412 | 250,528 | 255,644 | 260,760 | 265,876 |
| 10 | 235,179 | 240,551 | 245,923 | 251,295 | 256,667 | 262,039 | 267,411 | 272,783 | 278,155 |
| 11 | 245,923 | 251,564 | 257,204 | 262,845 | 268,485 | 274,126 | 279,766 | 285,407 | 291,048 |
| 12 | 257,204 | 263,127 | 269,049 | 274,972 | 280,894 | 286,817 | 292,740 | 298,662 | 304,585 |
| 13 | 269,049 | 275,268 | 281,486 | 287,705 | 293,924 | 300,143 | 306,361 | 312,580 | 318,799 |
| 14 | 281,486 | 288,016 | 294,545 | 301,075 | 307,605 | 314,134 | 320,664 | 327,194 | 333,723 |
| 15 | 294,545 | 301,401 | 308,257 | 315,113 | 321,970 | 328,826 | 335,682 | 342,538 | 349,394 |
| 16 | 308,257 | 315,456 | 322,655 | 329,854 | 337,053 | 344,252 | 351,451 | 358,649 | 365,848 |
| 17 | 322,655 | 330,214 | 337,773 | 345,332 | 352,891 | 360,449 | 368,008 | 375,567 | 383,126 |
| 18 | 337,773 | 345,710 | 353,647 | 361,583 | 369,520 | 377,457 | 385,394 | 393,331 | 401,268 |
| 19 | 353,647 | 361,981 | 370,314 | 378,648 | 386,982 | 395,315 | 403,649 | 411,983 | 420,316 |
| 20 | 370,314 | 379,064 | 387,815 | 396,565 | 405,315 | 414,066 | 422,816 | 431,566 | 440,317 |
| 21 | 387,815 | 397,003 | 406,191 | 415,379 | 424,567 | 433,754 | 442,942 | 452,130 | 461,318 |
| 22 | 406,191 | 415,838 | 425,486 | 435,133 | 444,780 | 454,427 | 464,075 | 473,722 | 483,369 |
| 23 | 425,486 | 435,616 | 445,745 | 455,875 | 466,005 | 476,134 | 486,264 | 496,394 | 506,523 |
| 24 | 445,745 | 456,381 | 467,017 | 477,653 | 488,290 | 498,926 | 509,562 | 520,198 | 530,834 |
| 25 | 467,017 | 478,185 | 489,353 | 500,521 | 511,689 | 522,857 | 534,025 | 545,192 | 556,360 |
| 26 | 489,353 | 501,079 | 512,806 | 524,532 | 536,258 | 547,985 | 559,711 | 571,437 | 583,164 |
| 27 | 512,806 | 525,119 | 537,431 | 549,744 | 562,057 | 574,369 | 586,682 | 598,995 | 611,307 |
| 28 | 537,431 | 550,359 | 563,288 | 576,216 | 589,144 | 602,072 | 615,001 | 627,929 | 640,857 |
| 29 | 563,288 | 576,863 | 590,437 | 604,012 | 617,587 | 631,162 | 644,736 | 658,311 | 671,886 |
| 30 | 590,437 | 604,690 | 618,944 | 633,197 | 647,451 | 661,704 | 675,958 | 690,211 | 704,464 |

Nýir launaflokkar

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

About Fish Íslandi ehf.
Tryggvagötu 16
Aðalhreinsir - Drífa ehf.
Hringbraut 119
Aðalvík ehf
Seiðakvísl 15
Alkul ehf.
Funahöfða 7
Allt í einu, söluturn
Jafnaseli 6
Alvarr ehf. - boranir og verkfræðiþjónusta
Skipholti 68
Arinbjörn Guðbjörnsson, málari
Mávahlíð 31
Arkís ehf.
Aðalstræti 6
Asía ehf.
Laugavegi 10
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Brautarholti 10
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.
Stuðlahálsi 2
Árbæjarapótek ehf.
Hraunbæ 102b
Árni Reynisson ehf.
Laugavegi 170
B.K. flutningar ehf.
Krosshömrum 2
Bakkus ehf
Héðinsgötu 1
Balance ehf
Álagrandia 27
Barmahlíð ehf.
Hraunbæ 102
Barnalæknaþjónustan ehf.
Egilsgötu 3 Domus Med
Barónspöbb ehf.
Laugavegi 72
Barr ehf.
Urriðakvísl 18
Bendingar ehf.
Leiðhömrum 12
Bernhöftsbakarí hf.
Bergstaðastræti 13
Berserkir ehf
Heiðargerði 16
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Mörkinni 6
Bílaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bílastofan ehf.
Bíldshöfða 18
Bílaverkstæði Jóns T. Harðarssonar
Bíldshöfða 18
Bílvirkinn ehf.
Súðarvogi 46
Bjarni Hauksson hdl.
Hátúni 6a
Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23

Blái Turninn
Háaleitisbraut 66
Blikksmiðurinn hf.
Malarhöfða 8
Boltís sf.
Pósthólfi 4309
Booztbar/Ísbar
Grandavegi 45
Bókaútgáfan Salka ehf
Skipholt 50c
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf
Nethil 2a
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf.
Ármúla 1
Bólstrarinn
Langholtsvegi 82
Bólstrunin Miðstræti 5
Miðstræti 5
Bón-Fús
Flétturima 27
Breiðholtskirkja
Þangbakka 5
Broadway-Arnol.net
Ármúla 9
Brynjólfur Eyvindsson hdl
Kringlunni 7,
BSR ehf.
Skógarhlíð 18
BSRB
Grettisgötu 89
Carpe diem
- Þ.Þ. Veitingar ehf.
Rauðarárstíg 18
Celtic Cross ehf.
Pósthólf 399
Cetus ehf
Lynghálsi 11
Danica sjávarafurðir ehf.
Laugavegi 44
Dentalstál ehf.
Hverfisgötu 105
Diantina ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Skuggasundi
Dreifing ehf.
Vatnagörðum 8
E. Ólafsson ehf.
Geirsgötu 9
Ecco á Íslandi
Guðríðarstíg 6-8
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Egill Baldursson
Box 8695
Eico ehf.
Skútuvogi 6
Einar Ben, veitingahús
Veltusundi 1
Eirvík heimilistæki hf.
Suðurlandsbraut 22
Ellen Ingvadóttir lögg. dómtúlkur og skjalþýðandi
Brautarholti 28
Endurskoðun Hjartar Pjeturssonar ehf.
Súðarvogi 7
Endurskoðun og reikningsskil hf.
Stangarhyl 5

Endurskoðun Péturs Jónssonar ehf.
Barmahlíð 34
Eyland ehf.
Langholtsvegi 145
Eyrir Fjárfestingafélag ehf.
Skólavörðustíg 13
F&F Kort ehf.
Suðurlandsbraut 10
Fanntófell hf.
Bíldshöfða 12
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Grensásvegi 13
Farmur ehf. Flutningaþjónusta
Eldshöfða 23
Fasteignamarkaðurinn ehf.
Óðinsgötu 4
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17
Ferðamálastofa Íslands
Lækjargötu 3
Félag einstæðra foreldra
Aðalstræti 9
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fínka málningarverktakar ehf.
Norðurási 6
Fjallamenn ehf.
Skútuvogi 12e
Flísalagnir Afrims ehf
Torfufell 30
Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum
Brautarholti 4a
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Draghálsi 8
Gagnaeyðing ehf.
Bæjarflöt 4
Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
Geiri ehf.
Bíldshöfða 16
GHP Lögmannsstofa
Hátúni 6a
Gilbert úrsmiður
Laugavegi 62
Gistihúsið Ísafold
Bárugötu 11
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Gjörvi ehf.
Grandagarði 18
GM Verk ehf.
Stórhöfða 35
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Grímshaga 3
Grensásvideo ehf.
Grensásvegi 24
Gríma Hárstofa
Álfheimum 4
Gróco hf.
Þverholti 14
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Gullsmiðurinn í Mjódd
Álfabakka 14b

Gunnar Helgason hrl.
Vesturgötu 7 íb. 208
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
Tjarnargötu 10d Box 1067
Hafgæði sf.
Fiskislóð 47
Hagar hf.
Skútuvogi 7
Hageyri ehf.
Höfðabakka 1
Happahúsið
Kringlunni 4-12
Hársnyrtistofan Dalbraut
Dalbraut 1
Háskóli Íslands
Suðurgata
Hátækni ehf.
Ármúla 26
Heilsubrunnurinn ehf.
Kirkjuteigi 21
Heimabíó/James Bönd
Skipholti 9
Henson hf.
Brautarholti 24
Hereford steikhús
Laugavegi 53b
HGK ehf.
Laugavegi 13
Hilmar D. Ólafsson ehf.
Langholtsvegi 13
HIS
Krókhálsi 5
Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf.
Hátúni 2a
Hlað sf.
Bíldshöfða 12
Hljóðfærahúsið ehf
Síðumúla 20
Hlynur málari
Fellsmúla 18, Kjallari
Hótel Frón
Laugavegi 22
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
Hreinsibílar ehf.
Hesthálsi 6-8
Hressingarskálinn ehf
Austurstræti 20
HS Pípulagnir ehf.
Hraunbæ 78
Hugvit ehf.
Tunguhálsi 19
Hveraskálinn ehf
Veghúsum 31, íb306
Höfðakaffi ehf.
Vagnhöfða 11
Iceland Seafood ehf
Köllunarkelttsvegi 2
IÐAN Fræðslusetur
Hallveigarstíg 1
IÐNÓ
Vonarstræti 3
Iðntré ehf.
Draghálsi 10
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Lágmúla 9, 5.hæð
Ísbúðin Fákafeni 9
Fákafeni 9

Íslenska lögregluforlagið
Brautarholti 30
Ísmar hf.
Síðumúla 28
Ís-spor hf.
Síðumúla 17
Janusbúðin Emla ehf.
Barónstíg 3
Jens Guðjónsson hf.
Stigahlíð 45-47 box 3003
JP Lögmenn ehf.
Lágmúla 5
K.H.G. þjónustan ehf.
Eirhöfða 14
Kaffi Paris
Austurstræti 4
KAFFI ROMA
Laugavegi 118
Kaffi Sólon
Bankastræti 7a
Kaffibarinn ehf.
Skólavörðustíg 25
Kaffivagninn hf.
Grandagarði 10
Kemis ehf.
Breiðhöfða 15, box 9351
Kjaran ehf.
Síðumúla 14
Knattborðsstofan Klöpp
Faxafeni 12
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Kognam - Núðluhúsið ehf
Laugavegi 59
KOM Almannatengsl
Borgartúni 20
Kópsson ehf
Hyrjarhöfða 4
Kvika ehf.
Bjargarstíg 15
Kvikk þjónustan ehf
Bíldshöfða 18 bakhús
Landhelgisgæsla Íslands
Seljavegi 32
Landssamband hestamannafélaga Laugardal
Engjavegi 6
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Brautarholti 30
Laugarásvideó ehf.
Dalbraut 1-3
Lánstraust hf.
Höfðabakka 9
Leigulistinn
Skipholti 50b
Listasafnið Hótel Holt ehf.
Bergstaðastræti 37
Litla Sendibílastöðin sf
Spóahólum 4
Ljósin ehf
Trönuhólum 14
Lögfræðistofa Sóleyjargata 17 sf.
Sóleyjargötu 17
Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9
Lögmannastofan Skipholti sf.
Bolholti 6
Lögmannsskrifstofan Fortis ehf.
Laugavegi 7

# Bókanir

## með samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna undirrituðu 22. október 2008

**Bókun 1**

Upplýsingagjöf til stéttarfélaga um laun félagsmanna hefur verið með misjöfnum hætti undanfarin ár og farið í gegnum ólíka miðla. Aðilar eru sammála um að kerfisbinda þessa upplýsingagjöf sem samningsaðilar útfæra nánar og skal þeirri vinnu lokið fyrir árslok 2008.

**Bókun 2**

Vegna eðlis lögreglustarfa er lögreglumönnum nauðsynlegt að vera í góðu líkamlegu formi og hafa tækifæri til að viðhalda því. Þetta er áréttað í starfsmannastefnu lögreglunnar, áherslum Landssambands lögreglumanna og er rökrétt framhald af inntökuskilyrðum Lögregluskólans.

Það er því sameiginlegt markmið aðila að lögreglumenn stundi reglubundna líkamsþjálfun og uppfylli tilteknar samræmdar kröfur, sem taki mið af því við hvaða aðstæður þeir starfa. Lögregluskólinn tekur að sér að útfæra og sjá um þá tilhögun. Skal hann hafa samráð við þá er málið varðar. Starfi þessu skal lokið eigi síðar en í janúar 2009.

Lögregluskólinn flokkar störf lögreglumanna með hliðsjón af þeim kröfum um líkamlegt atgervi sem viðkomandi störf krefjast. Lögreglumenn sem uppfylla þrekkröfur þess flokks sem þeir tilheyra skulu fá greitt sérstakt álag. Þar til kröfur Lögregluskólans liggja fyrir skulu lögreglumenn fá sérstaka greiðslu, sem lækkar eða fellur niður ef lögreglumenn standast ekki væntanlegar kröfur.

Á næstu mánuðum munu lögreglumenn því þurfa að búa sig undir að uppfylla væntanlegar kröfur Lögregluskólans um þrek. Það er í höndum lögregluembætta í samráði við lögreglumenn að útfæra með hvaða hætti lögreglumönnum verði auðveldað að sinna þessari þjálfun.

**Bókun 3**

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Aðilar eru sammála um að huga að endurskoðun núverandi tilhögunar vegna endurhæfingar með það að markmiði að veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Verði höfð hliðsjón af samkomulagi aðila á vinnumarkaði hvað varðar greiðslur frá ríkinu (0,13%) og stofnanir ríkisins sem vinnuveitendur (0,13%) og gildi sömu dagsetningar um greiðslur og samið var um á almennum vinnumarkaði. Efnt verði til samstarfs við önnur samtök ríkisstarfsmanna og greiðslurnar inntar af hendi þegar samkomulag liggur fyrir.

# Bókanir

## með samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna undirrituðu 22. október 2008

**Bókun 4**

Í kjölfar breytinga á lögreglulögum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo og úrskurðar kjararáðs dags. 13. febrúar 2007, falla ný störf undir kjarasamninginn. Vegna þessa bætast sex launaflokkar við launatöflu Landssambands lögreglumanna frá gildistöku samningsins.

**Bókun 5**

Bandalög ríkisstarfsmanna hafa á undanförnum mánuðum rætt um breytt fyrirkomulag á fjölskyldu- og styrktarsjóði þannig að frá áramótum 2008/2009 renni framlögin aðgreind til bandalaga ríkisstarfsmanna. Aðilar eru sammála um að komi til breytinga á fyrirkomulagi sjóðsins muni framlag til BSRB hlutans hækka um 0,20% og verði því 0,75% í stað 0,55% frá 1. janúar 2009.

# Fylgiskjal 1

## með samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna undirrituðu 22. október 2008

Vegna skamms samningstíma er ekki tekið á stefnumótandi málum í þessu samkomulagi. Aðilar eru þó ásáttir um að ræða eftirtalin mál á gildistíma samkomulagsins.

**Starfsþróun**

Frekari stuðning við starfsþróunarstarf/starfsþróunaráætlanir

Styðja stofnanir til að vinna að bættum aðstæðum mannauðsmála, þó einkum stofnanir heilbrigðis- og félagsmálageira.

**Lagaumhverfi**

SELKO, samstarf um endurskoðun á lögum og reglum um starfsmenn ríkisins

**Samningstexti**

Samræming á texta kjarasamninga

**Vinnuumhverfi**

Heilsueflandi vinnuumhverfi svo sem vaktavinna

**Sí- og endurmenntun**

Könnun á samstarfi um samþættingu sí- og endurmenntunar

**Slysatryggingar**

Sameiginleg yfirferð yfir tryggingaskilmála á opinberum og almennum markaði

**Launaþróun**

Skoðun á kerfum um fylgni launaþróunar á milli markaða

# Fylgiskjal 2

## Útfærsla á bókun 2 með kjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs undirrituðu 22. október 2008

Eftirfarandi útfærsla á bókun 2 hefur orðið að samkomulagi á milli aðila:

Allir lögreglumenn munu fá greiðslu vegna tímabilsins frá 1. nóvember 2008 til 31. janúar 2009 að upphæð kr. 45.000. Upphæðin verður greidd í einu lagi þann 1. desember. Þeir sem eru í hlutastarfi eða starfa hluta tímabilsins fá greitt hlutfallslega.

2. Þrekpróf sem verða haldin í kjölfar flokkunar Lögregluskólans árið 2009 veita rétt til þrekálags frá 1. febrúar 2009 í samræmi við niðurstöðu fyrsta þrekprófs. Endurtekin þrekpróf veita rétt til álags frá næsta mánuði eftir að þau eru staðin.

2.a Til að koma í veg fyrir eyður í greiðslu þrekálags er embættum heimilað að greiða þrekálag í febrúar og mars á grundvelli bráðabirgðasamkomulags við einstaka starfsmenn. Slíkt samkomulag innihaldi æfingaáætlun, markmið og skyldur um ástundun. Það gildi ekki lengur en til 1. apríl 2009.

2.b Séu lögreglumenn tilbúnir í þrekpróf fyrir 15. febrúar 2009 skal dráttur á þeim af hálfu vinnuveitanda ekki valda því að þrekálag falli niður.

100% árangur í þrekprófi veitir rétt til fulls álags og 80% árangur veitir rétt til 50% álags. Lakari árangur veitir ekki rétt til þrekálags.

Þrekálag lögreglumanns skal vera kr. 18.000 og greiðast sem sérstök launategund í 12 mánuði á ári án orlofs. Álagið greiðist í samræmi við starfshlutfall og telst til fastra launa í skilningi gr. 12.2.6 í kjarasamningi aðila.

Lögregluskólanum er ætlað að setja þrekviðmið fyrir mismunandi flokka lögreglumanna. Þrekálag er þó sama upphæð sbr. gr. 4 fyrir alla flokka.

Lögregluskólanum er einnig ætlað að setja viðmið um tíðni þrekprófa og skal lögreglumaður hafa tvo mánuði til að bæta árangur sinn á þrekprófi áður en álag fellur brott eða breytist. Standist hann prófið síðar heldur hann álaginu umrædda tvo mánuði, ella fellur það niður tveimur mánaðamótum eftir að fyrsta prófið var þreytt.

Reglur þessar skal endurskoða í ljósi reynslunnar og aðilar semja um breytingar á þeim, þar á meðal hvort þær skuli vera samningsatriði.




# Almenna lögreglan *Gæslulög*




*Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra*

**Hérlendis tíðkast að nota orðið almenn lögregla þegar réttara væri að nota orðið gæslulögregla til þess að lýsa hlutverki hinnar almennu lögreglu. Annars vegar er talað um almenna lögreglu og hins vegar rannsóknarlögreglu. Vísar einnig til þess mismunandi hlutverks lögreglu að gæta almannaöryggis og halda uppi allsherjarreglu annars vegar og hins vegar þess hlutverks hennar að vinna að uppljóstrun brota og fylgja málum eftir skv. lögum um meðferð opinberra mála.**

Þess misskilnings hefur gætt að efling greiningardeildar og sérsveitar ríkislögreglustjóra hafi verið á kostnað hinnar almennu lögreglu. Hið rétta er að engar fjárveitingar hafa enn fengist vegna greiningardeildar heldur hefur kostnaði verið mætt með endurskipulagningu hjá ríkislögreglustjóra. Hvað varðar sérsveitina þá komu til auknar fjárveitingar vegna hennar á árunum 2004-2006. Eflingin kom til í tíð síðustu ríkisstjórnar og almenn löggæsla naut góðs af henni m.a. vegna þess að bætt var við 10 stöðum lögreglumanna í þáverandi lögregluliði í Reykjavík auk fjölgunar sem varð í sérsveit.

Fjölgun sérsveitarmanna var hrein viðbót við aðrar fjárveitingar til löggæslu sem ekki voru skornar niður og því fráleitt að tala um að eflingin hafi verið á kostnað hinnar almennu lögreglu. Einnig fráleitt í ljósi þess hlutverks sveitarinnar að sinna daglega almennum lögreglustörfum á vöktum allan sólarhringinn, samhliða sérverkefnum og þjálfun og þess að verkefni hennar eru hluti af því að gæta almannaöryggis og halda uppi allsherjarreglu og hún því hluti hinnar almennu lögreglu í landinu. Áratuga reynsla varð til þess að ákveðið var að færa sérsveitina undir ríkislögreglustjóra og hefur sú breyting reynst mjög vel.

Í nýlegri áfangaskýrslu um mat á þeim breytingum á nýskipan lögreglu sem gerð var með fækkun umdæma úr 26 í 15 kemur fram að ekki hafa verið um nægilega róttækar breytingar að ræða til að tryggja bestu nýtingu mannafla innan lögreglunnar alls staðar á landinu. Þá er bent á að hlutfall stjórnenda sé óvenju hátt innan lögreglunnar og að brýnt sé að gera greinarmun á eiginlegum lögreglustörfum og öðrum störfum sem ekki þarf lögreglumenn til að sinna. Einnig kemur fram að fjárveitingar til löggæslu hafa aukist á undanförnum árum.

Ekki er mælt á móti því að full ástæða er til þess að efla lögregluna og auka fjárveitingar til hennar. Þróun mála hérlendis varðandi skipulagða alþjóðlega




glæpastarfsemi og aukin þörf á að efla öryggismál almennt kallar beinlínis á að stjórnvöld leggi meiri áherslu á löggæslu-, öryggismál og almannavarnir. Það að skapa stofnana- og deildarríg um hvort ákveðin starfsemi sé á kostnað annarrar innan lögreglunnar skilar hins vegar engu. Þá er hægt er að bæta nýtingu fjárveitinga innan lögreglunnar með frekari endurskipulagningu hennar og skynsamlegast að lögreglan öll verði eitt lögreglulið undir stjórn ríkislögreglustjóra með sama hætti og lögreglan á Írlandi.

Einnig er rétt að skoða hlutfall þeirra lögreglumanna sem sinna innistörfum sérstaklega í stærri lögregluliðunum. Frasar um sýnilega löggæslu eru marklausir ef ekki fylgja efndir um að fjölga lögreglumönnum á götunni á þeim svæðum þar sem þörfin er brýnust hverju sinni og að fólk fái skjóta lögregluaðstoð þegar það óskar. Of hátt hlutfall lögreglumanna sem vinna innistörf eða að verkefnum sem ekki þarf menntaða lögreglumenn til að sinna er því röng forgangsröðun. Við skipulagningu lögregluliðs á að byrja neðanfrá og ákveða fyrst hvaða lágmarks mannskap þarf út á götu í almenna löggæslu en ekki ofanfrá og enda síðan með of fáa menn á götunni. Spyrja má hvort skipulagsbreytingar hjá stærri lögregluliðunum hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt og hvort lögreglumönnum hafi fjölgað við útistörf.

Annar frasi sem stundum heyrist er að ríkislögreglustjóri eigi ekki að vera með „operativa" starfsemi og eðlilegt væri að starfsemi eins og sérsveit, fjarskiptamiðstöð og alþjóðadeild væru hjá stærstu lögregluliðunum. Spyrja mætti hvort þetta þýddi að lögreglustjórarnir ættu þó ekki að vera með neina „strategíska" starfsemi sem er álíka gáfulegur frasi. Eins og skipan lögreglu er hérlendis er eðlilegt að öll hlutverk sem eru á landsvísu séu hjá ríkislögreglustjóra. Á Norðurlöndunum tíðkast ekki að landsvísuhlutverk séu í höndum einstakra lögreglustjóra sem hafa landfræðileg valdmörk.

Þróunin á hinum Norðurlöndunum hefur verið sú að hinar miðlægu lögreglustofnanir hafa verið efldar á síðustu árum til þess að takast á við nýjar ógnir. Þá hefur náðs mikill árangur hjá embætti ríkislögreglustjóra svo sem varðandi starfrækslu fjarskiptamiðstöðvar á landsvísu, alþjóðadeildar sem tengir íslensku lögregluna við alþjóðlegar lögreglustofnanir og með eflingu sérsveitar og þar með öryggismála almennt, svo ekki sé minnst á almannavarnir ríkisins sem færðar voru til embættisins. Uppskipting á embættinu myndi vera stórfelld afturför enda hefur það verið í forystuhlutverki í breytingum á löggæslumálum og framförum í þeim efnum síðustu 10 ár.

*Þróunin á hinum Norðurlöndunum hefur verið sú að hinar miðlægu lögreglustofnanir hafa verið efldar á síðustu árum til þess að takast á við nýjar ógnir.*



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Bakarameistarinn

PRENTSMIÐJAN
stapaprent
GRÓFIN 13c - KEFLAVÍK - SÍMI 421 4388
stapaprent@simnet.is

# Árangursstjórnun





*Pétur Berg Matthíasson*

**Umfangsmestu breytingar á skipulagi lögreglunnar síðan lögreglulögunum var breytt árið 1996 voru gerðar á síðasta ári með fækkun og stækkun lögregluumdæma. Um svipað leyti og lögreglulögunum var breytt árið 1996 voru stjórnvöld að hefja innleiðingu á nýskipan í ríkisrekstri sem m.a. felur í sér gerð árangursstjórnunarsamnninga milli ráðuneyta og stofnana hins opinbera. Flestir starfsmenn lögreglunnar þekkja án efa til árangursstjórnunarsamninga en dóms- og kirkjumálaráðuneytið hóf að gera þá við sýslumenn í samræmi við stefnu stjórnvalda fyrir rúmum tíu árum.**

Úttekt var gerð af hálfu Ríkisendurskoðunar á framkvæmd árangursstjórnunarsamninga árið 2003 og kom þá í ljós að innleiðing var skammt á veg komin. Ríkisendurskoðun taldi hins vegar að árangursstjórnun væri stjórntæki sem gæti nýst vel í ríkisrekstrinum ef rétt væri að farið.

### *Hvað felst í árangursstjórnun?*

Árangursstjórnun er samansafn stjórnunaraðferða sem styðja hver aðra og stuðla að árangri. Árangursstjórnun byggist á þremur þáttum sem hægt er að skýra á mjög einfaldan hátt. Í fyrsta lagi er það stefna og skýr markmið en stofnanir þurfa að skoða hvernig þær geta staðið að stefnumótunarvinnu sinni og fylgt henni eftir. Í öðru lagi er mikilvægt að vera með kerfisbundnar mælingar á rekstrinum, velja þarf mælikvarða sem hafa ákveðna tengingu við stefnuna. Í þriðja lagi þarf eftirfylgni en hún felst í því að vinna að þeirri stefnu og áætlunum sem gerðar hafa verið og halda árangursstjórnun á lofti innan stofnunarinnar, m.a. með því að taka upp skipulagðar aðferðir til að festa í sessi það sem reynist vel og bæta það sem aflaga fer.

Hugtakið sem slíkt er frekar einfalt að útskýra, en sú leið sem farin hefur verið á Íslandi til að framkvæma árangursstjórnun samanstendur af fimm meginþáttum. Íslenska leiðin hefur verið útfærð af stjórnvöldum og felst í samspili Alþingis/ríkisstjórnar, ráðuneytis og stofnana.

Frumstefnumótun er leiðsögn Alþingis og ráðuneyta um þau verkefni sem framkvæmdavaldið sinnir, oft og tíðum í ríkisstofnunum.





# lögreglunnar




Árangursstjórnunarsamningur er milli ráðuneytis og stofnunar og á að endurspegla forgangsröðun og sameiginlegar áherslur er varða helstu verkefni stofnunar.

Langtímaáætlun til ráðuneytis endurspeglar þær áherslur sem fram koma í árangursstjórnunarsamningi og lýsir því hvernig ætlunin er að framfylgja stefnu stofnunarinnar á næstu árum.

Ársáætlun á að skila til ráðuneytis og felur hún í sér mælanlega útfærslu á þeim skrefum sem stofnunin ætlar að taka á næsta ári í samræmi við árangursstjórnunarsamning og langtímaáætlun.

Ársskýrslu á að skila til ráðuneytis ásamt reikningsuppgjöri og stuttri umfjöllun um árangur ársins.

### *Árangursstjórnun og lögreglan 1996 – 2006*

Á árunum 1998–2000 gerði dómsmálaráðuneytið árangursstjórnunarsamninga við öll lögregluembætti landsins nema eitt og giltu þeir til fjögurra ára. Árið 2006 var aðeins búið að endurnýja samninga við 16 embætti. Þess má geta að ráðuneytið gerði ekki samning við embætti ríkislögreglustjóra fyrr en í mars 2007 og verður fjallað um það síðar. Þrátt fyrir að ágætlega hafi gengið að gera árangursstjórnunarsamninga við sýslumannsembætti/lögregluembætti skorti eftirfylgni og eftirlit. Auk þess sem embættunum tókst ekki nógu vel að gera ársáætlanir eða ársskýrslur. Einungis 8 embætti skiluðu ársskýrslum til ráðuneytisins á tímabilinu október 2003 til febrúar 2005.

Verkefnisstjórn um nýskipan lögreglumála sem skipuð var af Birni Bjarnasyni dóms- og kirkjumálaráðherra í nóvember 2003 skilaði skýrslu í janúar 2005. Í þeirri skýrslu er ítarlega fjallað um árang-

BÓNUS
Góa-Linda
TRADE EGILS MARK
Office1 Superstore

*Löggæsluáætlunin markar ný spor er varðar markvissa árangursstjórnun innan lögreglunnar, m.a. með tilkomu huglægra mælitækja í formi viðhorfskannana og þolendakannana. Slíkar kannanir hafa verið gerðar áður hér á landi en lögreglan hefur hins vegar ekki fyrr en nú ákveðið að notast við slík mælitæki í sinni stefnumótunarvinnu.*

ursstjórnunarsamninga og nauðsyn þess að gera slíkan samning annars vegar á milli dómsmálaráðuneytis og ríkislögreglustjóra og hins vegar á milli hans og einstakra lögreglustjóra.

Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á embætti ríkislögreglustjóra í október 2006 kom fram að árangursstjórnun á sviði löggæslu væri enn ófullburða sem leiddi af sér að stjórnun lögreglunnar væri ekki jafn markviss og samræmd og hún gæti verið. Ríkisendurskoðun lagði einnig til að ríkislögreglustjóri kæmi meira að stjórnun lögreglunnar. „Eðlilegt væri að RLS gerði árangursstjórnunarsamninga við lögregluembættin, fylgdist með framkvæmd þeirra og gerði ráðherra síðan reglulega grein fyrir útkomunni. Áður en til þessa kæmi þyrftu stjórnvöld þó að móta vandaða frumstefnu á sviði löggæslu, t.d. í formi löggæsluáætlunar til nokkurra ára, líkt og gert er í Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi.“ (Ríkisendurskoðun 2006).

### *Löggæsluáætlun 2007 – 2011*

Eins og áður sagði urðu miklar breytingar á skipulagi lögreglunnar í byrjun árs 2007 með fækkun og stækkun lögregluumdæma. Breytingar voru einnig gerðar á embætti ríkislögreglustjóra, bæði var innra skipulagi embættisins breytt og hlutverki þess í stefnumótun innan lögreglunnar. Með árangursstjórnunarsamningi dóms- og kirkjumálaráðuneytis við embætti ríkislögreglustjóra í mars 2007 var embættinu falin aukin ábyrgð með árangri og starfsemi lögregluliðanna 15 í landinu. Ríkislögreglustjóra var falið að gera árangursstjórnunarsamninga við einstaka lögreglustjóra. Frá og með maí 2008, samanber ákvæði í árangursstjórnunarsamningi, mun ríkislögreglustjóri ár hvert gera grein fyrir árangri af starfi lögreglustjóranna í ársskýrslu til ráðuneytisins.

Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra kynnti frumstefnu á sviði löggæslu í formi löggæsluáætlunar 2007 – 2011 10. maí 2007. Er þetta í fyrsta sinn sem langtímalöggæsluáætlun er gerð og var hún byggð á tillögum embættis ríkislögreglustjóra. Löggæsluáætlun er leiðsögn um það hvernig lögregluyfirvöld geta með góðri samvinnu og samhentum vinnubrögðum tekist á við þau fjölbreyttu og krefjandi úrlausnarefni sem lögreglan glímir við með góðum árangri. Löggæsluáætlunin markar ný spor er varðar markvissa árangursstjórnun innan lögreglunnar, m.a. með tilkomu huglægra mælitækja í formi viðhorfs- og þolendakannana. Slíkar kannanir hafa verið gerðar áður hér á landi en lögreglan hefur hins vegar ekki fyrr en nú ákveðið að notast við slík mælitæki í sinni stefnumótunarvinnu. Þetta fyrirkomulag hefur lengi verið við lýði í Bretlandi og skoðaði ríkislögreglustjóri sérstaklega hvernig málum er þar háttað áður en tillögur í þessa veru voru gerðar.

Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar undirrituðu í desember 2007 samninga um árangursstjórnun. Samningarnir eru mismunandi og taka mið af stöðumati embætta sem lögreglustjórar framkvæmdu á árinu 2007 í samstarfi við starfsmenn sína. Í þeirri vinnu fólst m.a. SVÓT-greining á starfsemi embættanna. Samningarnir taka einnig mið af







***Öll lögregluembættin í landinu hafa gert langtímaáætlun til ársins 2011 og skilað ríkislögreglustjóra í samræmi við árangurs-stjórnunarsamninga.***

áherslum dóms- og kirkjumálaráðherra sem fram koma í löggæsluáætlun 2007 – 2011. Um er að ræða samninga um löggæsluverkefni en ekki er komið inn á tollamál eða sýslumannsverkefni.

Ríkislögreglustjóri mun leiðbeina embættum og taka afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem fram koma í langtímaáætlun lögregluembættanna. Árlega munu ríkislögreglustjóri og lögreglustjóri taka sameiginlega afstöðu til árangurs af starfsemi lögregluembættis. Auk þess gerir ríkislögreglustjóri ár hvert grein fyrir árangri af starfi lögreglustjóra undanfarið ár í ársskýrslu embættisins til ráðuneytisins.

### *Árangursstjórnun næstu árin*

Með breytingum á lögregluembættunum árið 2007 var árangursstjórnun lögreglunnar gerð framkvæmanlegri. Stuðningur við embætti, eftirlit og eftirfylgni af hálfu ríkislögreglustjóra skiptir höfuðmáli til að tryggja að þau markmið náist sem stjórnvöld hafa sett lögreglunni fram til ársins 2011.

Frumstefnumótun stjórnvalda til næstu ára má finna í löggæsluáætlun 2007 – 2011. Árangursstjórnunar-samningar hafa verið gerðir við öll lögregluembættin og ríkislögreglustjóra. Öll lögregluembættin í landinu hafa gert langtímaáætlun til ársins 2011 og skilað ríkislögreglustjóra í samræmi við árangursstjórnun arsamninga. Ársáætlun mun lögregluembætti skila frá og með lokum þessa árs en ríkislögreglustjóri skilaði dómsmálaráðherra ársáætlun í lok árs 2007 fyrir árið 2008. Ársskýrslu fyrir árið 2007 hafa öll lögregluembættin skilað til ríkislögreglustjóra.

Þetta nýja fyrirkomulag er nú að slíta barnsskónum en segja má að það hafi gengið vel hingað til. Án efa mun þetta fyrirkomulag breytast og þróast á komandi árum enda stöðugt verið að vinna að því að bæta árangur lögreglunnar.

**Heimildir:**


Fjármálaráðuneytið 2004. Árangursstjórnun í ríkisrekstri – Handbók. Fjármálaráðuneytið, RVK.
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2007. Löggæsluáætlun 2007 – 2011. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, RVK.
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2005. Skýrsla verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglumála. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, RVK.
Ríkisendurskoðun 2003. Náðist árangur? – Úttekt á árangursstjórnun í ríkisrekstri. Ríkisendurskoðun, RVK.
Ríkisendurskoðun 2006. Ríkislögreglustjóri – stjórnsýsluúttekt. Ríkisendurskoðun, RVK.



***Pétur Berg Matthíasson, stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur, starfar á stjórnsýslusviði embættis ríkislögreglustjóra***



***Greinin er stytt útgáfa af Nýskipan lögreglunnar: árangursstjórnun 1996 – 2008 sem birtist í Stjórnmál og stjórnsýsla, 1. tbl. 4. árg., 2008. www.stjornmalogstjornsysla.is***



HB GRANDI
VAKA
Elkem Ísland
ÍSTAK
HITAVEITA SUÐURNESJA
FLUGFÉLAG ÍSLANDS



# Crossfit

## Þjálfun - ekki æfing!

***Í mínum huga eru órjúfanleg tengsl milli lögreglustarfsins og líkamlegs atgervis. Það reynir á líkamlegt atgervi lögreglumannsins alla daga ársins, t.d. við valdbeitingu, þegar hlaupa þarf uppi brotamenn, ýta bílum  úr snjósköflum, aðstoða sjúkralið nú eða ganga  upp á fjórðu hæð í mötuneytið þegar lyftan er biluð á Hverfisgötunni. Allt tekur þetta sinn toll. Ekki þarf að fjölyrða um gildi hreyfingar fyrir líkama og sál enda margar rannsóknir sem sýna fram á jákvæð áhrif.***

**Einn af rauðu þráðunum á starfsferli mínum, síðan ég ákvað að gerast lögreglumaður, eru þrekpróf. Í fyrstu var ég prófaður til inntöku í lögregluna sem afleysingamaður, næst sem umsækjandi í lögregluskólann og margoft í lögregluskólanum. Því næst sem umsækjandi í sérsveit RLS og nú er ég þeirrar gæfu aðnjótandi að vera þrekprófaður tvisvar á ári. Svona til gamans telst mér til að þetta séu orðin ein 16 – 18 þrekpróf á fjórum árum.**

Mikil umræða hefur verið innan stéttarinnar um upptöku þrekprófa fyrir alla starfandi lögreglumenn. Þó að ég viti ekki hvar eða hvort það er á framkvæmdastigi er það mín skoðun að árleg hófleg þrekpróf sé gott markmið að stefna að fyrir stéttina. Þau skila okkur sannarlega bættri heilsu, aukinni starfsorku og hugsanlega betri launakjörum, þ.e. ef þrekprófin yrðu launatengd.

Það er skemmst frá því að segja, að fyrir mann með afar takmarkaðan grunn í skipulagðri íþróttaiðkun hefur það reynst mér erfitt að finna jafnvægi í íþróttaiðkuninni og oft hefur hugurinn verið vel á undan líkamlegri getu með þeim afleiðingum að ég hef með reglubundnum hætti æft mig í meiðsl.

Ég prófaði hin ýmsu „prógrömm“, æfingafélaga, einkaþjálfara, hlaupaþjálfara, misgáfuleg matarprógrömm, allt til þess að ná betra formi og meiri árangri, og jafnan fundist að árangurinn væri ekki í fullu samræmi við erfiðið, og oftar en ekki verið á mörkum þess boðlega í þrekprófum.

Tískuorðið í viðskiptageiranum er „heildarlausnir“ og nú langar mig að kynna fyrir ykkur þá „heildarlausn“ sem hefur gjörbylt mínu líkamsástandi til hins betra.

### *Hvað er Crossfit?*

Markmið Crossfit-þjálfunarkerfisins er að ná fram alhliða líkamlegu formi þar sem þú ert jafnvíg/ur á alla þætti hreyfingar hvort sem um ræðir, styrk, úthald, snerpu eða hreyfigetu, óháð því hvort þú ert lögreglumaður, afreksíþróttamaður, verkamaður eða húsmóðir og hver bakgrunnur þinn er í íþróttum.

Þjálfarar Crossfit blanda saman ýmsum æfingum, en meginuppistaðan er ólympískar lyftingar, kraftlyftingar, hlaup og æfingar með eigin líkamsþyngd. „Sannleiknum“ er síðan dreift ókeypis í gegnum vefsíðu. Á síðunni er fullt af fróðleik um hreyfingu, æfingar, næringu o.s.frv. Fyrir 25 dali á ári er síðan hægt að gerast áskrifandi að áhugaverðu efni frá Crossfit, m.a. fyrirlestrum í lifandi myndum sem hægt er að horfa á í gegnum Netið.

### *www.crossfit.com*

Á vefnum www.crossfit.com er gefin út svokölluð æfing dagsins (WOD, workout of the day) og er hún birt á forsíðunni sem er öllum opin endurgjaldslaust. Törnin er yfirleitt 3/1, þ.e. æft í þrjá daga og 1 dagur í frí. Mikið er lagt upp úr að vera stanslaust að, ögra líkamanum með breytilegum æfingum og einn liður í því er að frídagurinn er einnig breytilegur. Æfingarnar eru stuttar (allt frá 5 – 10 mínútum upp í 30 – 40 mínútur) en gífurlega hnitmiðaðar og gefa vel.

### *Eftirfarandi er dæmi um þriggja daga Crossfit törn:*

**MIÐVIKUDAGUR**
**Deadlift 3-3-3-3-3**

Til útskýringa þýðir uppsetning miðvikudags-æfingarinnar að þann daginn á að taka 5 sett af réttstöðulyftu þar sem hvert sett inniheldur þrjár lyftur. Þyngdin á að vera eins mikil og þú ræður við en samt þannig að þú klárir örugglega settin. Hvíldin milli setta má vera eins mikil og þér hentar enda markmið æfingarinnar styrkaukning.

**FIMMTUDAGUR**
**Seven rounds for time of:**

10 One legged squats, alternating
12 Ring dips
15 Pull-ups
Hér er lagt fyrir að taka 7 umferðir af:
10 hnébeygjum á öðrum fæti (5 á hvorn fót)
12 dýfum í hringjum
15 upphífingum.

Þetta er gert á tíma. Fyrir þá sem ekki telja sig ráða við þessa æfingu mætti t.d. breyta henni í:

4 hnébeygjur fyrir hverja beygju á einum fæti þ.e.:
40 venjulegar hnébeygjur
12 dýfur (ekki í hringjum, þær eru erfiðari)
15 upphífingar, ýmist með sveiflu, aðstoð eða í vél sem léttir undir.
Þetta er síðan endurtekið sjö sinnum á tíma

**FÖSTUDAGUR**
**Three rounds for time of:**

Run 800 meters
50 Back Extensions
50 Sit-ups
Hér á að hlaupa 800 m og taka 50 bakfettur og 50 kviðæfingar, þetta á að endurtaka þrisvar sinnum á tíma (hér gildir heildartími æfingar en hver umferð er ekki tímamæld sérstaklega).


*Gestur K. Pálmason*

**LAUGARDAGUR**
**Rest Day**

Segir sig sjálft og er yfirleitt kærkomin hvíld!

Nú skil ég að það geti vaxið mörgum í augum að skoða þessa æfingadaga og að sumar æfingar veit maður einfaldlega ekki hvernig á að framkvæma.

**Crossfit hefur skemmtilega lausn á því.**
**Á vefsíðunni er tengill sem heitir**
**“Exercises and demo´s”**

Þangað má fara og sjá myndskeið af öllum æfingunum sem notaðar eru á síðunni þar sem sýnt er hvernig þær eru framkvæmdar. Eins eru alltaf leiðir til að setja inn aðrar og léttari æfingar til að vinna upp styrk til að framkvæma þær æfingar sem til er ætlast.

Það eina sem notandinn þarf að hafa í huga er að byrja rólega og stilla þyngdir (ef einhverjar eru) eftir getu og hugsanlega bíða með

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
*Þarabakki 3*
*Sími 5670300*

FÚSI ehf.

Brostu með hjartanu!

GRINDAVÍKURBÆR

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Lögmannsstofa Jóns G.
Briem hrl.
Skipholti 50b
Lögmenn Árbæ
Nethyl 2
Lögmenn Borgartúni 33
Borgartúni 33
Lögmenn ehf. Björgvin
Jónsson hdl
Þingholtsstræti 27
Lögreglufélag Reykjavíkur
Brautarholti 30
Matthías ehf.
Vesturfold 40
Málarakompaníið ehf
Fornastekk 3
Málarameistarar hf
Logafold 188
Málningarþjónustan
Litaval ehf.
Garðsstöðum 44
Merkismenn ehf.
Ármúla 36
Minjavernd
Amtmannsstíg 1
Móa - The Greenbalm - Face
Icelandic
Kóngsbakka 8
Múlakaffi
Hallarmúli
Múlaradíó
Fellsmúla 28
Múli ehf.
Hagamelur 21
Múr- og málningarþjónustan
Höfn ehf.
Dvergshöfða 27
Mæðrastyrksnefnd
Reykjavíkur
Hátúni 12b
Nesdekk ehf.
Fiskislóð 30
Neyðarþjónustan ehf
Laugavegi 168
Neytendasamtökin
Hverfisgötu 105
North - Bygg ehf.
Þverási 25
Nýja sendibílastöðin hf.
Knarrarvogi 2, box 9233
Orkusalan ehf.
Bíldshöfða 9
Óbyggðaferðir ehf.
Efstadundi 65
ÓG Bygg ehf.
Fjarðarseli 14
Pétur Stefánsson ehf
Vatnsstígur 15 íb.901
Pipar og salt
Klapparstíg 44
Pípulagnaverktakar ehf.
Langholtsvegi 109
Pjakkus Preladus ehf.
Ármúla 42
Prikið
Bankastræti 12
Q bar Ingólfsstræti ehf
Ingólfsstræti 3
Rafco ehf.
Skeifunni 3
Rafloft ehf
Súðarvogi 20
Rafneisti ehf
Langholtsvegi 112b

Rafsvið sf.
Haukshólum 9
Ragnar og Guðjón ehf.
Espigerði 2
Rakarastofan sf.
Vesturgötu 15
Rannsóknastofa í lyfja-og
eiturefnafræði H.Í.
Hofsvallagötu 53
Reki hf.
Fiskislóð 57-59
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
S.Í.B.S.
Síðumúla 6
Safalinn
Dugguvogi 3 bakhúsi
Samgönguráðuneytið
Hafnarhúsinu
Tryggvagötu
Samhugur ehf.
Langagerði 116
Samsýn ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Saturnus hf.
Brautarholti 4a
Saxhóll ehf.
Nóatúni 17
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
Sendibílar
og hraðþjónusta ehf.
Urriðakvísl 3
Sigurjónsson & Thor ehf.
Lágmúli 7
Silfurþráður ehf.
Fellsmúla 14
Sjómannadagsráð
Laugarási Hrafnistu
Sjómannaheimilið Örkin
Brautarholti 29
Skarthúsið
Laugavegi 12
Skipasalan ehf.
Malarhöfða 2
Skipaskoðun Íslands ehf
Grensásvegi 1
Skóvinnustofa
Halldórs Guðbjörnssonar
Hrísateigi 19
Skrifstofa Fangelsa á
höfuðborgarsvæðinu
Hegningarh.V/skólavörðust
Sláttuvélamarkaðurinn
Vagnhöfða 8
Slysavarnafélagið
Landsbjörg
Skógarhlíð 14
SMS Bílasprautun og
réttingar
Smiðshöfða 12
Snyrti- og
tískuvöruverslunin
Sigurboginn
Laugavegi 80
Snæland Grímsson ehf.
Hallgrímur Lárusson
Langholtsvegi 115
Sprinkler-pípulagnir ehf.
Bíldshöfða 18
Staðalhús sf.
Síðumúla 31

Stanislas Bohic garðhönnun
Grettisgötu 22
Steindór Jónsson ehf.
Otrateig 36
Stjörnuegg hf.
Vallá, Kjalarnesi
Studio Hallgerður
Nóatúni 17
Suzuki umboðið ehf
Skeifunni 17
Sögn ehf.
Skálholtsstíg 7
Söluturninn
Texas - Halló ehf.
Veltusundi 3
Tannlæknastofa Björns
Þorvaldssonar
Síðumúla 25
Tannlæknastofa Ingólfs
Eldjárn
Vegmíla 2
Tannlæknastofa
Jóns Viðars ehf
Skólavörðustíg 14
Tengi ehf.
Síðumúla 13
Textíll
Lokastíg 28
Thai matstofan ehf.
Krosshamar 10
Tímaritið Lifandi Vísindi
- EG miðlun ehf.
Klapparstíg 25-27
Tollstjórinn í Reykjavík
Tryggvagötu 19 box 5029
Tölvu-og tækniþjónustan hf.
Grensásvegi 8
Tösku- og hanskabúðin hf.
Skólavörðustíg 7
Útfararstofa Íslands ehf.
Suðurhlíð 35
Útfararþjónustan ehf.
Fjarðarási 25
Útgerðartækni ehf.
Tryggvagötu 17
Útkall ehf
Vesturhlíð 7
Veiðiþjónustan Strengir
Smárarima 30
Veitingahúsið Carúsó
Þingholtsstræti 1
Veitingahúsið Hornið
Hafnarstræti 15
Veitingahúsið
Jómfrúin ehf.
Lækjargötu 4
Veitingastaðurinn
Madonna
Rauðarárstíg 27
Verkfræðistofan
VIK ehf.
Laugavegi 164, 2. hæð
Verkfærasalan ehf.
Síðumúla 11
Vernd - Fangahjálp .
Skúlatúni 6
Verslunin Mótor
Kringlunni 4-12
Verslunin Rangá sf.
Skipasundi 56
Vesturborg ehf.
Ásvallagötu 19
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c

Vélsmiðja Einars
Guðbrandssonar
Funahöfða 14
Vélsmiðjan
Járnverk hf.
Bíldshöfða 18
Vélvík ehf.
Höfðabakka 1
Við og Við sf.
Gylfaflöt 3
Vilhjálmsson sf.
Sundaborg 1
Vinnubátur ehf.
Suðurlandsbraut 16
Víkingaslóðir
Fannafold 165
Víkur-ós ehf.
Bæjarflöt 6
Vörslusviptingar ehf.
Tangarhöfða 9
www.leit.is
Ármúla 40
Þingvallaleið ehf.
Skógarhlíð 10
Ögurvík hf.
Týsgötu 1

## Seltjarnarnes

Austurströnd ehf.
Austurströnd 14
Bílkraninn sf.
Miðbraut 33
Bæjarins bezta ehf.
Bollagörðum 11
Nesskip hf.
Austurströnd 1
Seltjarnarneskaupstaður
Austurströnd 2

## Vogar

Beitir - H. Ólafsson
Jónsvör 3
Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2

## Kópavogur

Aalborg Portland
á Íslandi hf.
Bæjarlind 4
Alark arkitektar
Dalvegi 18
Allt mögulegt ehf.
Auðbrekku 26
Allt-af ehf.
Baugakór 30
Arctico - Röra og
skolplagnaviðgerðir -
S: 846 1919
Marbakkabraut 6
Arinsmíði A-Ö
- Jón Eldon Logason
Fellasmára 7
Arnardalur sf.
Þinghólsbraut 58
Arnarverk ehf
Körsölum 5
Bifreiðaverkstæði
Jónasar
Skemmuvegi 46 blei
Bílar og tjón ehf.
Skemmuvegi 44m bleik gata

Bílaverkstæði
Kjartans og Þorgeirs sf.
Smiðjuvegi 48 rauð
Bílhúsið
Smiðjuvegi 60 Rauð gata
Bíljöfur ehf.
Smiðjuvegi 34
Bílstál ehf
Askalind 3
Bílvogur ehf.
Auðbrekku 17
BJ-verktakar ehf.
Bergsmára 8
Bláfugl
Hlíðasmára 15
Blikkarinn hf.
Auðbrekku 3-5
Blikkás - Funi ehf.
Smiðjuvegi 74
Borgarvirki ehf.
Hjallabrekku 22
Bókasafn Kópavogs
Hamraborg 6a
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17
Eignarhaldsfélag
Brunabótafélags Íslands
Hlíðasmára 8
Einar Beinteins ehf. -
Dúkalagnir-
og Veggfóðrun
Grófarsmára 8
Eyfeld ehf.
Hlíðarsmára 13
Félagsþjónusta Kópavogs
Fannborg 4
Freyðing ehf.
Kórsölum 1
Gullsmiðja Óla
Smáralind
Gunnar Hilmar Sigurðsson
Krossalind 24
Hafið - Fiskiprinsinn
Hlíðasmára 8
Hagblikk ehf.
Smiðjuvegi 4c
Harðbakur ehf
Hlíðasmára 1
Hellur og garðar ehf.
Kjarrhólma 34
Hemill
Skemmuvegi 12 blá
Hexa ehf. heildverslun
Smiðjuvegi 10 græn gata
Hótel Smári
Hlíðasmára 13
Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
Ísnes ehf
Hamraborg 5
Járngerði ehf.
Hlégerði 7
Kópavogsbær
Fannborg 2
Kríunes ehf.
Kríunesi v. Elliðavatn
Körfuberg ehf.
Kleifakór 1a
Lögmenn Bæjarhrauni 8 sf.
Fellahvarf 7
Players ehf.
Bæjarlind 4
Rafbreidd ehf.
Akralind 6

tímatökur en alltaf setja sér það markmið að klára æfinguna þótt það taki smá tíma í byrjun. Þá mæli ég með að iðkendur sæki sér leiðbeiningu í ólympískum lyftingum svo hægt sé að fínpússa tæknina.

Ávinningurinn af þessu kerfi er ótvíræður og þannig að allar helstu löggæslustofnanir Bandaríkjanna hafa tekið upp Crossfit sem og lögregluskólar og sérsveitir víða um heim. Einnig hafa deildir innan bandaríska hersins tekið upp Crossfit eins og Navy Seals, U.S. Marines o.fl. ásamt fjölmörgum afreksíþróttamönnum og bardagaíþróttamönnum.

Fyrir mig persónulega hefur iðkun Crossfit gert það að verkum að í síðasta þrekprófi bætti ég mig um 30 sekúndur í 3.000 m hlaupi frá prófi, og var með frá 25 – 100% bætingu í öllum æfingum prófsins. Eins hefur snerpa, styrkur og úthald aukist til muna. Í 10 km hlaupi bætti ég tímann minn um ca. 12 mínútur. Þetta er fyrir utan hve gaman er að mæta nýrri ögrun í æfingu á hverjum degi. Það tryggir að maður staðnar aldrei í líkamsþjálfuninni.

Í Crossfit gera menn reginmun á að æfa og þjálfa (exercise vs. training). Þar kalla menn „æfingar“ stefnulausa hreyfingu með óljós markmið, til móts við þjálfun sem krefst áhuga, ákafa, stefnu, markmiðasetningar og mælanlegs árangurs!

Einn af skemmtilegu þáttunum við Crossfit er félagsskapurinn og andinn sem myndast hefur í kringum sportið en hann er mjög hjálpfús og hvetjandi. Nú þegar hefur myndast vísir að Crossfit-samfélagi á Íslandi, þar sem hópur fólks sem þjálfar í Sporthúsinu í Kópavogi heldur úti vefsíðunni www.blogcentral.is/workout þar sem íslenskir Crossfittarar skrásetja árangur sinn á æfingu dagsins. Forsprakki vefsíðunnar, Leifur Geir Hafsteinsson, er nýkominn frá Bandaríkjunum þar sem hann sótti Crossfit Level 1 þjálfaranámskeið. Í Sporthúsinu er nú verið að innrétta sérstakan Crossfit-sal þar sem Leifur Geir mun í haust bjóða upp á Crossfit-námskeið fyrir almenning, bæði byrjendur og lengra komna (frekari upplýsingar á www.crossfitisland.is). Það gæti verið góður valkostur fyrir þá lögreglumenn sem hafa áhuga á Crossfit en treysta sér ekki til að fylgja aðalsíðunni enn um sinn, að skrá sig á námskeið í Sporthúsinu þar sem farið er skref fyrir skref í helstu æfingarnar og þátttakendur búnir markvisst undir að æfa upp á eigin spýtur.

Crossfit-samfélagið á Íslandi á eftir að stækka ört á næstu misserum og með opnun sérútbúins Crossfit-salar í húsnæði World Class á Seltjarnarnesi eiga bæði vanir og verðandi Crossfittarar auðvelt með að nálgast réttu tólin og það sem mikilvægast er, faglega þjálfun í framkvæmd grunnæfinga Crossfit-kerfisins.

